

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Sérstakar ástæður, samkv. ákvörðun félagsmálaráðs hverju sinni.
2. Hjón og sambýlisfólk með ellilífeyri og tekjutryggingu eða sambærilegt.
3. Hjón og sambýlisfólk með ellilífeyri, tekjutryggingu og lífeyrissjóð eða sambærilegt.
4. Hjón og sambýlisfólk með tekjur umfram lið 3.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar, launafl. skv. kjarasamningi, þrep 3 og einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á þessum kauptaxta, ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Selfossbæjar, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar — heimilis aldraðra.**

1. gr.

Fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 10,00
2. taxti kr. 50,00

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxa greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem þessar upphæðir eru í þeim mánuði, sem heimaþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxa. Hjón og sambýlisfólk er nota heimaþjónustu greiða eftir 1. taxa, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1,5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxa ella.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og ber að breyta honum til samræmis við þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

4. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.

5. gr.

Heimaþjónusta sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1983 skal greidd eftir gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**


---

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Gerðarhreppi í Gullbringusýslu nr. 19 7. janúar 1980.**

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast tvisvar á ári þ. e. 1. apríl og 1. október í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Gerðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**


---

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um heimilisþjónustu í Hveragerði.**

1. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðis fer með stjórn heimilisþjónustu í Hveragerði.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að útvega aðstoð á heimilum, aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða, sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísun læknis eða hjúkrunarkonu eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gilda.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni og ákveður hvaða form skuli vera á umsóknnum um heimilisþjónustu.